

Greiningar- og
ráðgjafarstöð ríkisins

Kynning á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins 19. september 2013

Saga Greiningarstöðvar

- Athugunardeild Öskjuhlíðarskóla skilgreind í sérkennslureglugerð 1974.
- Greiningarstöð ríkisins skilgreind í lögum um aðstoð við þroskahefta 1979.
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins skilgreind í lögum um málefni fatlaðra 1982.

Stjórnarfarsleg staða Greiningarstöðvar til þessa

- Sérstök lög um Greiningarstöð vorið 2003
- Tók til starfa 1. jan. 1986
- Heyrir beint undir velferðaráðuneyti.
- Rekin með föstum fjárveitingum á fjárlögum.



Markmið laga um Greiningarstöð

Markmið laganna er að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar.

Enn fremur að tryggja öflun, viðhald og miðlun fræðilegrar þekkingar á þessu sviði.



Þjónusta á Greiningarstöð

- Greiningarstöðin þjónar 0-18 ára börnum og fjölskyldum þeirra.
- Greiningarstöðin þjónar öllu landinu.
- Ráðgjöf og eftirfylgd fer fram á stöðinni og einnig í heimabyggð.



Þrjú þjónustustig vegna barna með alvarlegar þroskaraskanir



**Heilsugæsla
leik- og grunnskólar**

Helstu starfsstéttir á Greiningarstöð

- Atferlisfræðingur
- Barnalæknar
- Félagsráðgjafar
- Iðjupjálfar
- Ritarar (læknaritarar, sviðs- og móttökuritarar)
- Sálfræðingar
- Sérkennarar (leik- og grunnskólasérkennarar)
- Sjúkrþjálfarar
- Talmeinafræðingar
- Þroskaþjálfar

Helstu fatlanir sem heyra undir Greiningarstöð

- Þroskahamlanir
- Hreyfihamlanir
 - heilalamanir
 - tauga- og vöðvasjúkdómar
 - klofinn hryggur



Helstu fatlanir sem heyra undir Greiningarstöð

- Einhverfurófið
- Alvarlegar sjónskerðingar
- Alvarlegar heyrnarskerðingar



Hugmyndafræði fjölskyldumiðaðrar þjónustu

- Lausnamiðuð þjónusta með áherslu á þarfir hvers og eins
- Virkt foreldrasamstarf
- Skipulögð samvinna við aðra þjónustuaðila

Velferðarráðuneyti

Forstöðumaður

Staðgengill forstöðumanns
Fjármálastjóri

Aðalskrifstofa

Inntökur og
úrvinnsla tilvísana

Gæðastarf
og skráning

Læknaritun og
skjalavarsla

Fræðslusvið

←

→

Fræðslunefnd

Rannsóknasvið

←

→

Rannsóknanefnd

Fagsvið yngri barna
(Þjónusta við yngri börn)

Smábarna- skor	Leikskóla- skor 1	Leikskóla- skor 2
0-3	3-6	

Fagsvið eldri barna
(Þjónusta við eldri börn)

Grunnskóla- skor	Unglinga- skor
6-12	12-18

Fagsvið langtímaeftirfylgd
(Sérhæfð þjónusta)

Sérhæfðar móttökur	Sérhæfð eftirfylgd
3 - 18	

Faggreinar

Helstu burðarásar starfseminnar: Þjónusta fyrir fötluð börn og fjölskyldur

- Athugun og greining á vanda barna með alvarleg þroskafrávik
- Ráðgjöf um stuðning, þjálfun og íhlutun vegna barna með fatlanir
- Eftirfylgd til lengri tíma fyrir börn alvarlegar og flóknar fatlanir
- Stuðningur og fræðsla fyrir aðstandendur

Tilvísun á Greiningarstöð

Tilvísanir koma m.a. frá:

- Barnalæknum
- Barnadeildum
- Heilsugæslu
- Þjónustumiðstöðvum
- Félags- og skólaþjónustum
- Sérfræðingum á stofu



Tilvísanir og afgreiðsla þeirra 2012

- Árið 2012 bárust 297 tilvísanir á Greiningarstöð.
- Tilvísanir metnar ítarlega og samþykktar þegar erfiðleikar voru metnir alvarlegir, langvinnir og víðtækir.
- Fjórðungi tilvísana var vísað frá og mælt með úrvinnslu og íhlutun á 2. þjónustustigi.

Fjöldi þverfaglegra athugana 2012

- 374 börn og ungmenni komu til athugunar árið 2012
- 241 komu til fyrstu athugunar
- 83 komu til endurmats
- 43 komu til endurathugunar vegna breyttrar stöðu
- Í framhaldi af athugun er ráðgjöf til barns, skóla, félagsþjónustu og foreldra/fjölskyldu.

Ráðgjöf og stuðningur

- Ráðgjöf í framhaldi af greiningu
- Snemmtæk íhlutun yngstu barna 0 til 3 – 30 til 40 börn á hverjum tíma – reglulegar heimsóknir
- Ráðgjöf og eftirfylgd leikskólabarna -
- Langtímaeftirfylgd barna með flóknar fatlanir – tauga- og vöðvasjúkdóma, klofinn hrygg, fátíðar fatlanir – 40 börn
- Langtímaeftirfylgd og meðferð fatlaðra grunnskólabarna með mikinn hegðunarvanda - 50 börn

Helstu burðarásar starfseminnar: Fræðsla, rannsóknir, samstarf

- Fræðsla fyrir fagfók og foreldra
- Rannsóknir á sviði fatlana
- Ráðgjöf við aðrar stofnanir og ráðuneyti
- Samstarf við háskóla og stofnanir á sviði stofnunarinnar.

XXVIII

Vorráðstefna

Greiningar- og ráðgjafarstjóðvar ríkisins

Hilton Reykjavík Nordica 16. og 17. maí 2013

Ýmsar ásjónur
einhverfunnar



Fræðsla og rannsóknir lagaskyldur Greiningarstöðvar

- Afla og miðla þekkingu um fatlanir og alvarlegar þroskaraskanir, m.a. með því að fylgjast með nýjungum á alþjóðavettvangi.
- Fræðslu á sviði fatlana og þroskaraskana og útgáfu fræðsluefnis

Yfirlit yfir fræðslustarf 2012

- Bækur um þroskahömlun og einhverfu í samvinnu við Háskólaútgáfunna
- Fræðsluefni fyrir foreldra
- Fræðslubæklingar
- Heimasíða með upplýsingum og fræðslu

Umfang fræðslustarfs 2012

- Rúmlega 1100 þátttakendur á 67 opnum námskeiðum
 - 42 námskeið (1/2 dagur – 3 dagar)
 - 2 foreldranámskeið
 - 23 þjálfunarnámskeið
- 2700 þátttakendur á sérhönnuðum námskeiðum og fræðslufundum
- 311 á vorráðstefnu
- Handleiðsla nema, móttaka háskólanema og annarra gesta

Fræðsla og rannsóknir

- Formlegir samstarfssamningar Greiningarstöðvar við HÍ og HA.
- Tilgangurinn er að efla samstarf háskólanna og Greiningarstöðvar til að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir.
- Dæmi:
 - Kennsla sérfræðinga í háskólunum
 - Nemar í starfsnámi
 - Samvinna um rannsóknir
 - Klínískar akdemískar nafnbætur

Erlend samstarfsverkefni

- Margir starfsmenn Greiningarstöðvar taka þátt í erlendu samstarfi á sviði rannsókna og fræðslu
- Upphaf þessa starfs má oft rekja til rannsókna byggðum á efnivið sem orðið hefur til í starfsemi Greiningarstöðvar

Erlend samstarfsverkefni

- Verkefni er tengjast einhverfu
 - *Simple Steps* margmiðlunarverkefnið sem kennir meginreglur hagnýtrar atferlisgreiningar (styrkt af Leonardo menntaáætlun Evrópusambandsins)
 - Rannsóknir á því hvernig skimunartæki gagnast við að finna börn með einhverfu (styrkt af European Cooperation in Science and Technology)
 - Downs heilkenni og einhverfa, rannsóknarsamstarf er miðar að því að fá skýrari mynd af atferliseinkennum fólks með Downs heilkenni
 - Þátttaka í lyfjatilraun, lyf sem á að hafa áhrif á erfiða hegðun sem tengist einhverfu

Erlend samstarfsverkefni

- Verkefni er tengist CP-hreyfihömlun
 - *Surveillance of CP in Europe*, miðar að samræmdri skráningu á færni og þroska barna með CP Styrkt af Evrópusambandinu
- Verkefni er tengjast sjaldgæfum sjúkdómum og fötlunum (Rare Diseases)
 - Bæði á vegum Evrópusambandsins og einnig norrænt samstarf tengt málaflokknum

Rannsóknir á Greiningarstöð - dæmi

- Könnun á hvernig íslensk börn og unglingar á einhverfurófi meta lífsgæði sín
- Rannsókn á virkni Memantins a einhverfu
- Einhverfurófsraskanir hjá einstaklingum með Downs-heilkenni
- Sérfræðiráðgjöf við snemmtæka íhlutun dreifbýlisbarna
- Geðraskanir hjá börnum og unglingum á aldrinum 7-17 sem greinst hafa með röskun á einhverfurófi

Rannsóknir á Greiningarstöð – einstakir sérfræðingar

- Þrír sérfræðingar stofnunarinnar hafa varið doktorsritgerðir samfara störfum á Greiningarstöð
- Fjórtíu doktorsvörnin verður við HÍ 18. október n.k.
- Margir sérfræðingar hafa lokið Mastersnámi samfara störfum sínum.

Gildi Greiningarstöðvar ... í anda fjölskyldumiðaðrar nálgunar

- **Virðing**

- Við sýnum virðingu í samskiptum við fjölskyldur og samstarfsfólk þar sem þarfir, gildi og óskir fjölskyldunnar eru í forgrunni

- **Fagmennska**

- Við sýnum færni og ábyrgð í störfum okkar og leitumst við að veita börnum og fjölskyldum þeirra bestu mögulega þjónustu


- **Framsækni**

- Við leitumst við að vera leiðandi afl í rannsóknum og miðlun þekkingar


- **Velferð**

- Við leitumst við að auka lífsgæði fjölskyldunnar til framtíðar

Þróun tilvísana á undanföörnum árum



Þróun stöðugilda undanfarin ár.



Takk fyrir komuna



Heimasíða



www.greining.is